

# HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

7. blað.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

## ● MILLI LESMÁLS OG LJÓÐA ●

### Undir aðfall.

•

#### I.

Von er að þér förlist flug  
Fyrir heljar-skaga !  
Þú hefir hvorki hönd né hug  
Hlíft um þína daga.

Þér varð kunnur sérhver sær  
Sólar-hvarfs að línum  
Alt var haf og himinn fær  
Huga frjálsum þínum.

Vitið sa þar vegu strags  
Vagsið öllum þrautum,  
Viljinn beindi' á bræðra-lags  
Braut, að jarðar-skautum.

Eitt er sem til hróss þér hef',  
Höfin við að kanna,  
Þú hefir login landa-bréf  
Leiðrétt, Guðs og manna.

Sannleiks-hlut á heima-lönd  
 Hugans drógstu mikinn,  
 Og um vorsins eyði-strönd  
 Áttu handar-vikin.

Sæmd þín hreinlát hætti á  
 Holl-verk, þörf, en skitin,  
 Slor-fjörunum héltu' ei hjá  
 Höndum tyrir vitin.

Engin garpur gat þér fylgt  
 Gegnum vos og þreytu,  
 Hefir alla af þér siglt—  
 Eins í byr og steytu.

Allir við þig vægðu sér,  
 Vikingar og gauðin,  
 Enginn kunni' að ögra þér—  
 Ekki sjálfur dauðinn.

Fæstir réðu' í rúm þér hjá  
 Raga gæfu sína.  
 Flestir lögðu fordóm á  
 Formenskuna þína.

Þegar undir fall og fjúk  
 Fleyttir stafni knrar.  
 Leti' og óvild öfundsjúk  
 Óskuðu sneypu-farar.

Lífs-von settist undir ár  
 Ein á þóftu hjá þér—  
 Strandar-glópum steypi-sjár  
 Stefjaði kveðjur frá þér

„Þjóð-trú, vertu þess ei duld,  
 Þú mátt ráða' og eiga  
 Upp á þína skota-skuld  
 Skips-höfn hverja feiga.“

## II.

Varð sú einför yndis-snaud—

Alt meðan svaf til baka

Yfir lofts og lagar auð

Lifa einn og vaka?

Utar storm' og öldu-gang

Eiga stefnu vísa,

Unz um djúpið flaut í fang

Fyrsta morgun-lýsa?

Skeyta' ei hvar að strönd var styzt,

Stika nött og sænn

Undir höfn við heimskaut yzt,

Heiðríkjuna' og daginn?



## III.

Lítil undur eru það

Óvænt, þeim sem skilur,

Þó um síðir sæ-kong að

Sverfi manndráps-bylur.

Drífa segl til sama lands,

Sekkur skútan leka.

Bezti vilji yogaðs manns  
verður afturreka.

Allir hafa aflað smátt

Endir þann sem hræðast—

Nóg er að hafa afgert átt

Erindi að fæðast.

Þú hefir beitt við blítt og strangt,

Brim og ísa klofið,

Þú hefir af þér æfilangt

Engan róður sofið.

Hittir engin ókunn mið  
 Út' um síðsta rokið  
 Sem ei hefir setið við—  
 Svo er því bezta lokið.

Hugur þinn og hjarta-þrá  
 Hlakkar yfir sugin  
 Þegar herkinn hallast á  
 Hinzu árar-togin.

„Alt sem ég hef græðt og gert  
 Gleymt er upp' á landi—  
 Nú er ekkert uppbods vert  
 Eftir í þessu strandi.“



#### IV.

Ferða-hugur er þér úr  
 Orðinn heima-feginn  
 Segist ekki' í útúr-dúr  
 Ætla hinumegin.

Til, í gletni, gatzt að nú  
 Gerist vant að hyggja:  
 Hvort í feigðar-fjöru þú  
 Fáir kyr að liggja.

Eitt er tákni sem telur þú  
 Til sem bera kynni:  
 Afturgöngu í anda-trú  
 Eftirhermu þinni.

Sagðir: „ef það undrar þig  
 Eða finst það skrátið,  
 Bjóddu „andstygð“ ögn í mig  
 —Ekki nema lítið“.

Eg vil ekkert anda-búr  
 Eyris-virði kaupa—  
 Hæna til mínn eilífð úr  
 Alla skollans laupa.

Óhemjandi anda skrok  
 Ekki kæri mig um.  
 Mér er nógum vönd í vök  
 Vörn mótt kvíkra lygum.

Er ei minni hjátrú höpp,  
 Hún svo standi' á nálum,  
 Þó að borðs og bekjar löpp  
 Brölti' á dauðum sálum.

Afarmennin okkar hér  
 Afstyrmt hefir körin.  
 Vofum þeirra virðist mér  
 Versni afturförin.

Pað er ekkert lyga-last  
 Liðnum draug til rýrðar—  
 Allar vofur uppgefаст  
 Eðlilega skýrðar.]

Eina leið þeim ávalt fer.  
 Er ei slíks að dylgja,  
 Þessi óláns-þáttur er  
 Peirra ættar-fylgja.

Vitnin munu síðar sótt  
 Sjálfblekkingar yfir;  
 Sérhver draugur, dag sem nótt,  
 Dylst í þeim sem lifir.

## V.

**Formáli** { Í grafar nöpru nausti þó  
                  Nú hvíli skipin kyr:  
                  Aftur mun þeim á annan sjó  
                  Eilifðar fleyta byr.

GRIMUR THOMSEN.

Kann ské er þig að heimta hann,  
—Himna skipa-veginn,—  
Söm kvað eiga eilífan  
Útveg hinumegin.

Berðu' það ekki undir míg,  
Ekki' er ég svo fróður—  
Grímur sagði' „ann sendi þig  
Svona í annan róður.

Sannmælis þess sí og æ  
Sigling þín skal njóta:  
Þó að öðrum þeytti' í sæ  
Pér var gjarnt að fljóta.

Samt er ekki að efa það  
Allri trú mun skeika—  
Vitið má sér óskemt að  
Ímyndunum leika.

Og við skulum setja svo,  
Svona muni fara.  
Læt svo um það ykkur two  
Eiga saman bara.

Mikilleik hans mattir þú:  
Mátt sem hlyti að skeika,  
Sem að hefði svo sem þú  
Sókst við örðugleika.

Fullkomleikinn legðist að  
Lífs og þroska snauður—  
Væri' ann alger veiztu það—  
Væri' ann líka dauður.

Heilsaðir bróður-hug, sem krept  
 Hindrun gat, sem mætir,  
 Þegar von er veður-tept,  
 Viljinn barning sætir.

Formanns-lundin leyfði' ei þér  
 Lækkun gamals vana,  
 Sem léti' annan eigna sér  
 Alla skilmálana.

Þitt mér ónar auðheyrt svar  
 Yfir flæddum borðum.  
 Þegar uppsett einsmanns-far  
 Átt í hinzu skorðum—:

„Nú var ei við æfi-strand  
 Utar hægt að beita—  
 Hér hefir aldrei orpist sand  
 Úttaugaðri fleyta.

Seglin hefir sundur tætt  
 Svifti-bylja þunginn,  
 Kubbað reipin knýtt og bætt,  
 Kjöll á skeri sprunginn.

Brotin stefnin, beygð og lúð,  
 Barin ís og straumum.  
 Brimi gnúin, gliðnuð súð,  
 Gengin öll af saumum.

Purfi ég enn að sækja sjá,  
 Sigla' að dýpstu miðum;  
 Annað verð ég fært að fá  
 Far, úr nýjum viðum.

Orlof tek ég ekki' af þér  
 Út í nýjan vanda—  
 En sé þér lífsins lið að mér  
 Læt ei á mér standa.

Nái ég þrótt og hönd sé hraust  
 Hugur skal ei letjast,  
 Eg mun aftur orðalaust  
 Undir stýrið setjast.

Eg skal ýta fram, sem fyr,  
 Flestir meðan sofa—  
 Áhöfn stórrí' og óska-byr  
 Ekki þarfstu' að lofa.

Mínu eðli' er engin nyt  
 Eilíft logn að hreppum--  
 Mér hefir vagsið megn og vit  
 Mest í þrauta-kreppum.

Mína heimta hagi um:  
 Heldur tjón á sjónum,  
 En undir farfa' og fægingum  
 Fúna inn á lónum."



## Aðsendar vísur.

Hvert mun Heimir halda  
 í höfn, er róleg telst?  
 Áslaug sú hin unga  
 í hans hörpu felst.  
 Nei, um heila heiminn  
 Höfn þau hvergi ná.  
 Áslaug sú hin unga  
 Ekki lenda má.

Samt mun hörpu hreimur  
 Hljóma ströndum nær,  
 Gleðja gamla' og unga,  
 Og gerast öllum kær.  
 Og svo mun fara um síðir—  
 Eg sízt um bil skal tjá—  
 Að Áslaug' hina ungu  
 Allir vilja sjá.

Jónas Hall.

## Leiðtogarnir og blöðin.

„Heimir“ ætlaði að leiða hjá sér deilumál blaðanna og blaðaútgefandanna, er nú hafa stadið með miklum blónna um nokkrar vikur. Vegna hvers hann gerir það ekki, en leggur þar orð í belg, þarfust ekki mikilla útskýringa. Deilurnar eru farnar að verða persónulegar og snerta alla flokka.

Því er þó als ekki þannig varið að „Heimir“ hafi ömun á umræðum er snerta starf og stefnu félagsmála vorra, fjarri fer því, þó út í ritdeilur fari, svo lengi sem þar ræður eitthvert „prinsip“, og tilgangurinn er einhver annar en sá, að ata for menn og málefni, eða leika skrípaleik. En þegar í byrjun ganga umræðurnar út fyrir málefnið og hafa naumast snert það síðan.

En hvert var málefnið og hvernig spunnust þessar deilur út af því? Þeir sem hér eiga heima í bæ, munu minnast þess, að snemma á þessu síðastliðna sumri var venju fremur mikil um heimsóknir hjá mönnum, óboðinna gesta. Komumenn flestir voru f einum og sömu erindum, að beiðast frjálsra sam-skota til missíonarhúss í Reykjavík. Áður hafði verið mælt með þessum samskotum bæði í Lögbergi og Sameiningunni og mælst til að eitthvert gjafafé yrði haft saman og sent heim. Innheimtumenn þessir voru flestir gamalmenni, konur eða börn. Mönnum varð í engu hverf við þessar heimsóknir, því slíkt er að engu óvanalegt nú í seinni tíð. Daglega eru menn og konur á ferð húsa á milli þótt í öðrum erindum sé, í liðsafn-adi fyrir kyrkjurnar lútersku og boða mönnum trú. Oftast eru það konur allvel við aldur. „Leik-prestar“ kyrkjufélagsins er breiða opin faðm mótt syndurunum vilji þeir snúa sér og trúa. Fengamar hafa þær orðið vonum framar og ekki ófáir svæft allar hjartans efasemdir og æskuþrá „undir hinum kaf-loðna kerlingar vanga“. Þessar samskota leitanir hefði því enga eftirtekt vakið, hefði ekki þá í þann svipinn birzt áskorun þess efnis að rétta hjálparhönd syrgjandi og bágstöddum, sem mestan skaðann biðu við hinn sorglega skiptapa við Reykjavík-

ur höfn í vor. Þá var farið að athuga hvort málid væri þarfara,

Íslendingur nýkominn frá Reykjavík (herra Ágúst Jón Jónsson, söngstjóri við Unítarakyrkjuna hér í bænum), er enn bar í fersku minni ofstækis heimsku innri-missiónar-manna heima, ritaði lipra og stutta grein í Hkr. til að benda mönnum á, að mannúðarskyldan krefðist þess að fyrr væri hugsað um að létta undir byrði með þeim, sem sírast liðu við skipskaðann, heldur en að reisa innri-missióninni kyrkju í Reykjavík. Undir það skrifði hra B. L. Baldwinson og bætti þar nokkru við frá eigin brjósti.

Þessu svarar svo Lögberg með þjésti allmiklum og lítilli prúðmensku og álitur manni þeim, er ritað hafi í Hkr. samra að þegja, því hann muni í engan stað þekkja svo vel til hversu hagi til á Íslandi, að hann megi med fara; og þá sitji ekki á ritstj. Hkr. að leggja þar til mála. Í sama mund kemur út Sameiningin með fúkyrðum og stóryrðum til Hkr. og fyrirþýð B. L. Baldwinson að snerta fingrum sínum við nokkru því mál, er kyrkjuna áhræri, og lýsir hann óheimildarmann að því og ógreinan lengur en „til kvelds“ fyrir tiltektir sínar. Var þá deilan hafin.

Þetta var þá upphafið að þessum almennu stælum, og það sem á eftir fór skulum vér athuga gjörr síðar.

Málefnið sjálft er deilunum hefir ollað, er þetta: Hver skyldan kemur fyrr, sú að hjálpa bjargþrota og munadarlausu fólk, eða eftirliterskt asturhvarfis trúboð í landinu? Innri-missiónin með öllum sínum héttum um helvítis eld er lútersk missión, er sú trúarbragðaleg starfsemi, er kykkjufélagið lútheriska hér vestra hefir lýst velþóknun sinni á, bæði „hægri nienn“ og „vinstri“, báðir, séra Jón og séra Friðrik. Málefni þetta var opinber spurning þess efnis, hvoru lögmálinu beri framar að hlýða, síðalögþólinu eða trúarkreddunni. Áskoranir koma úr tveim áttum, sín frá hvorri hlið, til bróðurkærleikans, og til trúarofsans. Hvor átti forgangsrétt?

Það er ekki í fyrsta skifti, sem orþodoxa kyrkjan hefir verið knúð til að svara. En hún hefir ætið svarað eins í orðum

Ignatiusar kyrkjufödurs: „hvert sem biskupinn bendir, þangað safnast fólkvið“. (Smyrn. III. 4.).

Í stað þess nú að ræða þetta mál, er mátt hefði verða bæði til fróðleiks og skemtunar, þar það hefði knúð fram allar þær sannanir er kyrkjan á í fórum sínum, er nefna hana í yfirrétt yfir siðalögþálið, svo mönnum hefði gefist að líta á hverju kyrkjan byggir sitt vald, þá í þess stað lendir logikin út í skammir frá beggja hálsu. Séra Jón atyrðir Baldwin og bregður honum og blaði hans um kristindómshatur, og Hkr. svarar sein von var til, aftur í sömu mynd. Svo veiður úr öllu saman ein stertabenda. Ótal Smájónar slást í leikinn og auka hávaðann og ærslin, hver umi sig að reyna að bera blak af „herra sínum“. Er sízt varði voru allir komnir í þvögu. „Þeir sentust á svörum. smára karnir geltu, opnum skoltunum skeltu“.

Umræðuefninu er strax slept. Séra Jón skipar Hkr. að þegja um þetta mál, þar eð það sé algerlega syrir utan hennar verkahring, svarar engu því ei þetta mál áhræði, þykist ekki skyldugur til þess fyrst hann ekki eigi orðastað við „kyrkjunnar mann“. Við öðru var tæpast að búast. Ef út í þetta mál hefði farið nokkuð ýtarlega, þá hefði það kostað það, að skoða og yfirfara öll undirstöðuatriði orþodoxu kyrkjunnar, og það, sem verst var, framan í öllum almennungi. Það hefði orðið að athuga fyrst á hverju myndugleiki kyrkjunnar bygðist og hvers vegna, í því sem hún væri ósamhljóða siðferðislögþálinu, mannegu eðli, skynsemi, samvizku og innri tilfinningum fólks, að framar bæri að meta hennar orð, hlyðast hennar skipunum en þess síðara.

Í öðru lagi hefði og orðið að sýna hversu valdi hennar yfir sálum manna væri háttáð og hvaðan það kæmi, og hvers vegna það væri æðra en siðferðiskrafan. Hætt er við að þetta síðara hefði orðið jafnvel argara hinu fyrra, ef svo langt hefði farið. Mönnum er fjölda margt ljúsara en að láta lýsa til marks á sér. Orð þau ganga í hlustir þótt eyrað sé rifað. Og svo vilja flestir líka, hér í landi að minsta kosti, telja sig frjálsa. Þegar svo á að fara að útlista í heyranda hljóði eignarrétt einnar mannfélagsstofnunar yfir sálum og sannfæringu þessara manna, er hætt

við að nokkrir fari að láta illa í svefni „Tíundarkrafan“ um ár-ið, á þann hátt sem henni var tekið gaf að minsta kosti svo mikil til kynna. En tíundarkrafan var að eins lítilsjérleg kvöð, tilkall til þess er kyrkjunni ber, sé það rétt, að henni sé gefið bæði tímanlegt og andlegt vald yfir sál og lífi manna. Hví að deila við dómarann. „Eg á þrælinn og alt hvað þrælsins er, það er mitt“, sagði Rabbssinn, og sama segir hún.

EKKI VAR VON TIL ÞESS AÐ SÉRA JÓN FÆRI ÚT Í ÞÁ SÁLMA, ENDA VAR HONUM EKKI; EINS OG SÉST HEFIR, HALDIÐ TIL ÞESS, OG NEYDIST MAÐUR JAFNVEL TIL AÐ ÁLITA, AÐ ÞEIR SEM MÁLIÐ RÆDDU, HAFN NAUMAST SKYNJAÐ HVAÐ I ÞVÍ LÁG. ÓLIKLEGT ER AÐ ÞEIR HEFÐI HORFIÐ FRÁ ÞVÍ Á ÞANN HÁTT, SEM ÞEIR GJÖRÐU ANNARS, ÞÓTT EKKI SÉ AÐ AFTAKA ÞAÐ MEÐ ÖLLU.

Ræðurnar hverfa strax frá trúar og síðferdiskröfunni, þar sem kyrkjuhugsjónina og mannúðarhugsjónina greina á, en snúast í árásir á séra Jón og Hkr. Auðvitað er margt likt með skyldum. Séra Jón er ísl. lúth. kyrkjan hér vestra í persónn að sumra sögn, og þá Hkr. karleikurinn í persónu.

Ef ritgjörðir Hkr. eru athugaðar vel, bæði „Afa“-greinin og „Séreign mala“, þi sást á báðum þeim, að þær eru næt þessu umrædda málefni en alt hitt er skrifsað hefir verið í Wittenipeg-blöðin um það mál. „Séreign mala“ tekur það ljóst fram, að engin almenn mál séu séreign nokkurs flokks manna. Ef þau eru almenn svo varða þau almenning, og ef þau eru það ekki, en samt flutt almenningi, þi varða þau almenning engu að síður, því það er þi verið að hrópa stanz til manna að hlusta og hlýða á það sem þeim kemur als ekkert við— verið að hefta umferð. Pröngurunum, sem eru að prakka út vörum sínum með allra handa snakki og skrípalátum, er ekki leyft að hneppa fólk í þvögu á götuhornum. Ekki af því að nokkur láti sig skifta raus þeirra og rugl, heldur af því að þeir eru með því móti að hefta umferð. Það sem snertir almennings heill eru almenn mál, af því þau snerta almenna heill, og einnig það er snertir að eins einstakan flokk, en er fjöldanum farartálmi, snertir alla, eru almenn mál, af því þau eru almennur farartálmi.

Sjálfsgagt mætti finna „Afa“-greininni eitthvað til, ef vel væri leitað. Hún er óvanalega berorð við það semí menn eiga að venjast nú upp á síðkastið. Vér efumst um að hún hermi það rétt að séra Jón með vélabréögðum og ásetningi hafi viljað spilla fyrir hjálparsámskotunum. Vér efumst um að nokkur Íslendingur þessarar álfu hafi verið sú þjóðarafrmán að vilja það En hitt er aftur víst að séra Jón, sem formaður lúth. kyrku, hefir viljað að kyrkjusámskotunum yrði sem bezt tekið hvað svo sem um hitt yrði. Hann bar innri-missiónina fyrir brjósti á undan öllu öðru. Ekki fellum vér oss við mannjöfnuð „Afa“-greinarinnar, samanburðin á séra Jóni og séra Friðriki. Það er líka alveg óviðkomandi innskot, hvor þeirra væri meiri og betur láttinn. Fáir munu trúal því að séra Jón standi hinum mikil að baki, í einu eða neinu. Má vera að séra Jón komi sér ekki eins í mjúkinn, en er þá ekki of mikilli einurð hans og hreinskilni um að kenna? Hann hefir aldrei dregið dul á meiningu sína, aldrei falið sínar skoðanir fagrar eða ljótar. Hann hefir ekki haft það að vana að snúa klæðinu rétthverft eða ranghverft eftir því, að hverju auganu geðjaðist betur. Frá hans sjónarmiði hefir rétthverfan ætíð snúið út. Þegar hann nefnir Unitara á nafn, þá kallar hann þá „vantrúarmenn“, þegar hann nefnir bíblíuna á nafn, þá heitir hún „Guðs opinberað orð“ o. s. frv.

Þess vegna er líka svo létt að deila við hann og þess vegna eignast hann eðlilega móttökumenn, og svo líka af því hve skoðanir hans eru orðnar aftur úr og öld vorri ósamboðnar.

Vér fellum oss ekki við hólið um séra Friðrik, þótt hann fari meir undan í flæmingi enn séra Jón, þegar um ágreiningsefni er að ræða, þá er það að vorri hyggju ekki vottur neinna andlegra yfirburða yfir aðra menn. Það er engu ólíkara krókaleið hérans en flugi arnarinnar.

Mest furðar oss þó á hverjir það voru seni hlupu til bjargar málсаðilunum í þessari deili. Það verðum vér að játa að oss þótti það óvænt frétt, að S. B. Benediktsson fær að vanda um fyrir séra Jón. Og als ekki talaði hann fyrir hönd Unitara sem heildar með þeirri grein. Sérstaklega þó fyrir það hversu

hún var skrifuð. Það er únitariskt að bera blak af þeim sem verða fyrir ofskón og álygum að ósekju. En það er einhver önnur stefna ráðandi þegar vörnin gengur fram í tötrum mannlasts og fáryrða.

Pátt þann er barnakennarnir frá Saskatchewan áttu í deilum þessum leiðum vér hjá oss að athuga, því hann er sorglegur spiegill skólamentunarinnar hér í bænum og eins og ístreku spurningarinnar: „Mun ei glappaskot gera.... þeir sem barnsvitið bera út á kenningar klakann“. Það ætti að vera í bann fært í allri kristninni að bera út börn. Fyrst vegna barnanna sjáltra og svo vegna þeirra er á *holtaþokur* vælið verða að hlusta.

Og rétt nú í svipinni berast oss tvær nýar ritgjörðir enn um þetta mál. Önnur eftir Albert Kristjánsson í Baldri, en hin í Breiðabliki eftir ritstjórann. Báðar eru heldur vel samdar og þó sérstaklega sú fyrri, er bendir mönnum til baka aftur að málefnið óbeinlínis.

Þó er ritstjórnargreinin í Breiðabliki dálitið skrítin. Ritstjórninn vandar um ritháttinn á blöðunum í sambandi við þetta mál, og kallar hann „herflegan“. Sjálfur leyfir hann sér þó að fara ærumeiðandi orðum um S. B. Benediktsson og krukkar á ný í hina margbannsungnu kvæðabók hans. Ekki hefði úr vegi verið að honum hefði dottið fyrr í hug orð þessa „háskólamistara“, er hann tilfærir í ræðulok, ef ske mætti hann hefði getað haldið til baka reiði sinni til Sigfúsar fyrir ritdóm hans um Breiðablik, og lært að stilla orð sín betur. Þessi saga um skólameistarann er annars nokkuð mérkennileg dænisaga um „vestur-íslenzka menning“.

Hver er skólastjórninn og hverjir eru piltarnir? „Þýð þú fyrir oss þessa dæmisögu?“

Margir munu ráða í hvað hér sé átt við, þar sem ritstj. sjálfur setur söguna í samband við blaðadeilurnar, og þar sem hann minnir á það að „vér þurfum að láta oss þessi dæmi að varnaði verða“, að piltarnir, lærisveinar skólameistarans(?) sem í rifrildi eru, sé þeir séra Jón og Baldwin, en skólameistarinn er hastar á þá sé þá hann sjálfur!

Ekki trúum vér öðru en margur muni kunna illa þessari

dæmisögu og þykja séra Friðrik taki sér helzt til alvarlega og til inntekta „professors“ nafnið er honum hefir verið gefið, alt eins mikið í gamni eins og alvöru. — —

Pannig hefir þá þetta mál snúist og leiðtoga vorir með-höndlað það; tekið það algjörlega út frá því sjónarmíði, sem það hefði átt að skoðast og ræðast frá hálfu blaðanna, ef blöðin eiga að vera mönnum til leiðbeininga í því sem þeir hugsa og áfórmá. Persónulegheit í stað málefnis, drýgindi í stað sætta, moldviðri í stað upplýsinga, það er sorglegur vitnisburður um kraftleysi vort að hugsa, viljaleysi vort að ihuga. En alt stafar af því eina og sama—„prinsíp“-leysi. Vér sjáum tnenn og einstaklinga, vér sjáum flokka og fylkingar, en það er örsjaldan að vér sjáum fyrir hverju strítt er og stritað, -málefnið sjálft. Og svo er það líka farið að verða svo að vér kærum oss ekki þótt vér sjáum ekki málefnnin; þau mega eiga sig. Vér sjáum formanninn og nóg að komast á fleytuna hjá honum, brúka þá beitu sem hann leggur til, renna út færinu þar sem hann segir fyrir, til hvers svo sem afliun er notaður eftir á. „Liberal“ eða Conservative“, lútherskur eða únitariskur þýðir í huga fjölda margra aðeins viss *félags stærð*, ekki sérstök stefna, skoðun eða hugsjónir. Ekki það að þessar félagsstærðir hafi nokkurt takmark, sem áhrif, hugsanir og tilgangur þeirra stefni að.

Menn láta það sem vind um eyru þjóta þótt talað sé um stefnu þessara ýmsu félagsheilda, vegna þess að orðið „félag“ hefir gleypit orðið „stefna“, eins og horuðu kýrnar þær feitu. Keppnin er öll í því fólgin að „stærðin“ *sýnist* sem mest. Það er leiðtoganna skuld. Þess vegna er það líka aðalhugaeftið, þegar í missætt slæst, að minka móttöðumann sinn sem mest, í stað þess að taka duglega ofan í við kenningar hans og málstað.

Og það er það sem einkent hefir blaðamál þessi alla leiðina. Og að því leyti eru þau sannur spegill þjóðlífss vors hér í borginni. Að vér getum aftur um Breiðabliks-greinina, þar kemur þessi hugsun svo bersýnilega fyrir. Baldwin hafði öðlast allmikla „stærð“ í augum margra fyrir svar sitt til séra Jóns.

Hann hafði aukið alin við hæð séra Friðriks með vinþeldahrós-inu um hann í þeirri sönu grein. Töluð orð verða ekki aftur tekin. Það vissi ritstj. Breiðabliks. En nú þarf astur að jafna „stærðir“ og reka Baldwin svo sem þverhandarbreidd ofan í jörðina.

Fyrir áhorfendum litur þetta ekki ósvipað út og húmbúg. Hvað er verið að leika og hvað á þetta alt að tákna? Svo er séra Jón sleiktur eins og Lazarus eftir að búið er að sneypa hann og snupra af sama manni fyrir ósæmilegt orðbragð—taka svolitið ofan af hans „stærð“.

En alt þetta hefir sína þýðingu hér—fyrir félagslíf. Og minna en þetta, en allur þessi „Mysteriu“-leikur. Auk heldur glerangu og gönguprjik geta miklu til vegar komið að efla vel-megun þjóðarinnar og frelsun þess glataða.



## Ljósið og mælikerið.

Langt er síðan meistarinn sagði : „Menn kveikja ekki ljós til að setja það undir mæliker“. Sú hugsun felst í þessum orðum, að ef svo er myrkta að lýsing þyrfti með, þá sé þýðingarlítið verk að kveikja og fela svo alla birtu sem af ljósinu getur lagt, þegar myrgt er, þá er ekki nóg að bregða upp ljósi, að kveikja ljós, ef ljósið fær ekkert að lýsa. Ef yfir það er strax hvolft mælikeri. Menn eru þá eins í myrkri eftir sem áður. Á vissan hátt er þessu því ekki hlýtt sem skyldi. Er það vegna þess að fleiri eru ljósin en rétt þau, sem eru í kertastikunni, og fleira er myrkur en náttmyrkur?

Maðurinn er sagður vera skynsemisgædd vera. Og undantekningar lítið er það víst rétt. En svo er það ýmislegt í síðum og trú manna er banna alla notkun skynseminnar. Það er hvolft keri yfir ljósið.

Eitt sinn sögðu menn: Yfir páfanum eru kyrkjupingin al-

mennu, því þur, frekar en hjá einum manni, kemur fram allmenni viljinn. Það var í byrjun þess viðburðarska tímabils er hin svónefnda síðbót hófst.—Menn höfðu brugðið upp ljósi. En svo greip menn geysimikill ǫtti. Hvað höfðu þeir sagt: „Almannna viljinn, er hann æðsta vald mannheimar? Nei, guðs vilji er hið æðsta, — ekki guðs vilji náttúrulögjmálsins — framþróunarlagmálsins, heldur *guðs vilji heilagrar ritningar*.“

Svo, menn hvolfðu keri yfir ljósið. Ritningin er æðsta úrskurðarvald í andlegum málum. Henni undirgefið er samvizka, sannfæring, skynsemi og tilfinningar. — Undir kerið lögðu menn ljósið. Þar létt Lúther sitt ljós, skynsemi og tilfinningu, þar létt Calvin sitt ljós, samvizku og sannfæringu —undir heilaga barmvísða biblfskerif.

Og í heilar þrjár aldir hefir kerið hvolt yfir ljósini. En nú er það tekið að gisna og hér og hvar farið að leggja út litla glætu á milli stafanna. En ekki mega þeir enn *hreyfa* kerið, erfingjar Lúthers og Calvins. ....

Canadiska Meþódista þingið í haust endurtók þá samþykt er fyrir löngu var gjörð, að konur hefði ekki leyfi samkvæmt guðsorði til að greiða atkvæði eða skipa embætti í söfnuðum hinna trúuðu. Þær mega hlýða, hlusta og gjalda. Þingið lauk miklu lofsorði á „*gjörf ekkjunnar*“. Það sá sér heldur ekki fært ad leyfa danzsamkomur, leikhúsþöngur eða spil, eða í það mál var nefnd skipuð, er athuga skyldi hvert fyrir því fengist leyfi í „*guðsorði*“.

Bizkupakyrkjan, á rannsóknarþingum sínum í vor sem leið, er haldin voru yfir Dr. Crapsey og öðrum guðfræðingum kyrkjunnar, sem þýða vildu prestaeiðin þannig, að út frá prédikunartólnum ætti að ganga að eins þær kenningar, er menn vissi sannastar vera, gagnvart guði og sinni eigin samvizku, lýsti því yfir að kyrkjan viðurkendi engar vísindalegar uppgötvanir, enga einstaklings skynjun eða sannfæringu, en ritninguna að eins eina og trúarjátninguna, fyrir því skyldi hvert kné sig beygja og öll höfuð hneggja og allir munnar þegja.

Lútherska kyrkjufélag vor Íslendinga færði inn á þingskrána síðastl. sumar, sem tilvonandi lagaákvæði, að hver sá

söfnuður, er einhverra hluta vegna gangi úr félagini, skyldi eftirláta félagini allar sínar eignir, enn fremur, klofnaði félagið, skyldi sá hluti þess, er héldi sig við hina fornu upprunalegu trúarjátningu, sitja að öllum eignum félagsins. Já. „Hafi einhver lagadeilur við þig um kyrti, þinn, þá lát honum og yfirhöfn þína lausa“.

Presbyterakyrkjan samþykkir nú orðið með öðru fólk, að viljakraftur mannsins og þrá eitir því góða sé aðal-undirstaða als mannlegs hreinleika í orði og verki. En ósáanlega má þó skilja það sem svo, að ekki sé maðurinn í eðli sínu spiltur og vondur, né í honum sé nokkur neisti réttlætis og guðdómleika varanlegur. Hún prédikar hart móti því verslega valdi, sem hirðir ekki um að koma fram ábyrgð gegn sakadólgum. Ekki hafa þó þing hennar síðustu, nú hvert eftir annað, súð sér fært að útstryka af játningarritu: sínum forlaga kenninguna um að maðurinn sé frá upphafi veraldar, in síns eigin tilverknaðar eda verðleika valin til eilífrar sælu eða eilífrar vansælu, að börnumnum ungu og saklausu, er deyja áður en þau fá mælt nokkurt orð, sé kastað í helvít.—Að öll verk ill og góð sé framin í blindni og menn því í raun rétttri ábyrgðarlausir óvitar í öllu sem þeir gjöra.

Og ekki vill Bíptista-kyrkjan heyra það að hætta megi við þá skírn að kaffæra syndarana. Ef allur likaminn er ekki í vatni, svo er ekki syndin þvegin burt,—synd svitans og svitahollunnar.

Án rauðu borðanna, skygnishúfunnar, bumbunnar og básúnunnar, „amen og halleluja“, háreysti hjálpræðishersins, virðist „hernum“ lítið um safna guðsdýrkun á jörðunni. „Hlerópið“ boða „frið á jörð“ og „blóð og eldur“ „velþóknun yfir mönnunum“. Satan einn hrædist skrölitið og hleypur úr hlaði eins og ljóntryltur útigangsklár við hávaða hrossafælunnar.

Fremur virtist Skeklum (Shakers) síðurinn orðinn spiltur, ef ekki fylgdi krampinn og sinadrátturinn bænahaldi og helgum tósum. Ef hvorki kreptist kné eða úlnliðir væri, „afturhvarfsins“ langt að bíða og friðarríkið fjarri. — —

Petta kalla menn trú, leiðsögu, guðsþjónustu! Petta er

kent við timburmannssoninn frá Nazareth, unga ágætis manna-  
ina, er þeir lílítu í fyrndinni á Vorinngöngudaginn í Jerú-  
salem! Hefði hann getað horft fram til þessa dags, er vafa-  
mál hvort orð hans hefði ekki hljóðað: „Allmargir kveikja  
ljós til að setja það undir mæliker.

Guð fer að verða börnum sínum til byrði, ef *trúin* á  
hans nafn heimtar öllu lengur slíkan hégóMLEIK“.

## Það sem allir álita.

Það er eitt sem menn játa skilyrðislaust allir saman:  
„Sannleikurinn á ætíð ógreiða götu í heiminum.“

Það er næstum það eina, sem öllum kemur saman um.  
Flestar aðrar staðhæfingar eiga fleiri eða færri mótmælendur.

En vegna hvers á sannleikurinn örðugt uppdráttar? Af  
því allir óttast hann í of ríkum mæli. Stjórnin missir vald-  
ið, kyrkjan missir af biblunni, bíblan af heilagleikanum,  
hjátrúin af hefðinni, hefðin af undirgefnni, þjónninn af  
þrælsóttanum, konungurinn af kórónunni, fíflid af metun.—  
Eru þetta svo háskalegir erviðleikar, eða ramt móttöðuafl?

Hin ytri náttúra er eldri en alt þetta og varir lengur en alt  
þetta. Hún varir lengur en nokkur kyrkja, eða bíbla, eða  
hjátrú, eða hefð, eða undirgefni eða þrælsótti, eða konungur  
eða kóróna, eða fífl eða auðmýkt. Og í ytri náttúrunni er ekkert  
nema sannleikur—guðs llög.—Hann er þar alt í öllu.

Myndun jarðarinnar, fall straumsins, vöxtur jurtanna, hiti  
og kului, ljós og myrkur, stjörnuhröp um heiða nótt, regn og  
snjór, alt er það sannleikur, og ekkert nema sannleikur. Það  
er ekkert á verði, sem aftrar því sanna að ske, og það fyrir  
allra opnum augum. Þar er ekkert sem reynir að villa nokkrum  
sjónir, því þar er ekkert að dylja eða fela.

Sannleikurinn á ekki ervitt uppdráttar í heiminum, því  
hann er líf, hræring, viðhald, takmark, upphaf og endir al-  
heimsins.

## Pjóðveldi, --Democracy--

Úr „Christian Register“ eftir Dr. Edward E. Hale.

Margt það sem vér segjum og jafnvel hugsun í stjórninálum er atvikum háð, hvaða þýðing vér leggjum í ýmiskonar orð. Þessi atvik eru oft mesta óhamingja, af því að af þeim getur risið alskonar hjátrú, sem ekki er svo létt að víkja úr vegini.

Eg heyrði Dr. Furness segja eitt skifti,—ég held það hafi verið í prestvígslu-ræðu—að hann hefði aldrei hitt nokkurn mann, er alist hefði upp og þegið mentun sína við skólastofnanir í löndum, þar sem adals og höfðingja stjórn sæti yfir þjóðinni, skilja hvað Kristur hefði átt við með „guðsríki“. En Dr. Furness vissi það og hann sagði okkur hinum: Jesús átti við með því það sem vér köllum nú á tíma „Þjóðarríki“. Og viljum vør þýða orðið „ríki“ á sem viðtækastann hátt og láta það tákna andlegan sem veraldlegan auð eða rískdóm, þá myndi þetta orð fyllilega svara hans meiningu. En fimm af hverjum tíu álita að „ríki“ þýði „konungsríki“, og að sjálfssögðu konung. Öllum sem læra á háskólum í Evrópu finst bæði orðin þýða hið sama. Konungs-hugmyndin hefir fylgt ríkishugmyndinni í huga þeirra öld fram af öld. Afleiðingin verður því sú sama og fyrir Zebedeusarsonunum. Sé ríki til, þá er konungur, og sé konungur, þá hljóta einhverjur að sitja honum til „hægri handar“ og „vinstri“, og maðurinn sem vonar eftir að setjast til „hægri handar“ eða til „vinstri“, hann gerir ráð fyrir „fylgð“—lénsmönum. Þar hljóta að vera sessunautar, *Comites, Counts* eða greifar. Þar eru menn er hirða um Hertýgin og menn er hirða um Skrúðann og halda undir Slóðann.

Þetta fólk álítur stjórn sem að sjálfssögðu afl það ofan komandi verkandi út og niður á við, á ýmsu tröppustigi milli „karls“ og „jarls“. Þannig er konungurinn uppsprettu allrar vegsemindar og konungs Engelskan, fyrirmund allrar Engelsku. Og jafnvel undirniðri, þótt ví sindamenn vilji ekki meðkenna það, trúá menn að einhvernveginn, fáist konungurinn til að snerta sjúkl-

inginn, hverfi heimakoman og líkþrotinn — „konungs-illan hverfi sem svefnhöfgi.

Hindurvitni þessi eru mjög rótgróin. Þau ónýta að heilu og hálfu leyti meginhluta þess seni ritað er í Amerísk tímarit um stjórnfrædi, því meirihluti höfundanna hafa lært við há-skóla Englendinga og Frakka og Þjóðverja. Í sannleika, það er næstum tilfinnanleg sýn að sjá stórgáfaða menn vera að byrja að komast í skilning um það, sem þeir ekki vissu áður, hver þýðing og tilgangur laga og landsréttar sé í raun rétttri.

Mjög sláandi dæmi þessa eru inngangsgreinarnar í „Dagbók“ Charles Dickens um Ameríku-ferð hans. Einhver hafði farið með honum yfir til ríkisspítalans í Massachusetts fyrir þá geðveiku. Og þegar honum var svo sagt að stofnun þessi hefði verið reist á kostnað almennings og henni væri við-haldið á almannna fé til almannna nota, datt svo ofan yfir hann, að hann hefði ekki orðið meira hissa, þótt hann hefði farið á kjörstað, einhvern kosningadag og séð kjósendur standa þar í einum skara og vera að syngja „Sköpunarlöfgjörðina“ eftir Haydn. Að það skyldi vera eitt af skylduverkum stjórnarinnar að sjá um að betur færi um hvern hálfvita aumingja er í heiminn fæddist þar í ríkinu, en erfðaprinzinn lét fara um Georg III. Englands konung, tók Dickens bæði tíma og umhugsun að fá nokkurn botn í. Að yfirborðinu til gat hann þó loks komið því í höfuðið, en vafamál er það mikil, hvort hann nokkurntíma varð laus við þau hindur-vitni, að stjórn væri eingöngu til þess að stjórna— sitja að ríkjum. Það er ekki ósvipað og í skólabókunum fyrir tæpri old síðan. Kennarinn var maðurinn með „stokkinn og vönd-inn“, er átti að hýða börnin, en naumast tæpt á því að skylda hans væri að kenna hverju barni er honum væri fært, og jafnvel gera sem fullkomnastan mann úr heimskingjanum litla er naumast kunni að ávarpa læriföður sinn.

Veslings Dr. Paley reitti Georg III. svo til reiði að Paley var aldrei gjörður að byskupi,—þrátt fyrir það þótt hann bæri höfð og herðar yfir allan klerkdóm Englands á sinni tifð,

með dæmisögunni, þar sem hann líkir konungsstjórn við dýfnahóp, er léti stjórnast af dýfuhána, er bæsi væri holtur og vængbrotinn, er ekkert gæti gert nema skipa fyrir.

Hefði Paley getað hugsað séi dýfnahóp, sem hvorki lætur stjórnast af þeim stærsta eða smærsta í hópnum, en hlýdir ótilkvatt lögum Apríls og Októbers, eftir því sem Náttúran sjálf býður, þá hefði hann skilið hvað orðið Þjóðstjórn þýðir, hvað samvinna er, hver sé hinn virkilegi „ríkdómar“ „þjóðríkisins.. Hann hefði þá getað séð hvað úr því fólk i yrði, er engan konung á nema guð þann, er leiðbeina vili öllum sínum börnum. Paley hefði þá skilið það, sem stjórnfræðingar, sem mentast og alist hafa upp undir konungsstjórn, geta aldrei lært að skilja—hann hefði skilið það, að þjóðstjórn hvorki gerir ráð fyrir konungi, keisara, flokkstjóra eða hundraðshöfðingja, né þarf á þeim að halda. Eins lengi og það er Almannastjórn fyrir Almenning getur orðið „stjórn“ jafnvel verið afvegaleiðandi og ollað misskilningi.

Í fleiri en helming þeirra tilfella, þar sem ég hefi séð Þjóðstjórn lýst, er svo tekið til orða, að það sé það stjórnarfyrirkomulag þar, sem Almenningur velji sér sína Yfirbodara. Í sannleika þar, sem Þjóðstjórn er, þar velur Almenningur sér ekki Yfirbodara. Almenningur er sinn eigin Herra, en velur sér að eins þjónustumenn, er hann felur ýmsa sýslu.

Almenningur lætur hvern sjálfráðan í því er snertir hann mest, að hugsa fyrir sínum eigin hag. Undir Þjóðstjórn, til dæmis, ef drengir í fimta bekk í sextándu deild í lýðskólanum langa til að stofna knattleikarafélag, þá koma þeir saman á tröppunum við skólahússdyrnar og stofna það. Þeir velja sér forseta, two varaforseta, skrifara, féhirðir og framkvæmdarnefnd. Þeir þurta ekki að senda til Parisar eða Berlínar eða Pétursborgar til þess að fá leyfi til að halda fundi. Alveg á sama hátt koma læknar saman á fundi, skipa í nefndir, gera þær rannsóknir sem þeim sýnist um myflugnabit, eða gulusýki, eða kólera, eða sóttgæzlu. Þeir spryja engan um leyfi. Þeir fara eftir eigin hugboði, eðliskröfu, og sannfæringu í því eftni. Ellegar ef seytján manna halda þeir hafi uppgötvað það að

guðirnir séu fjörtán, ef þeir svo óska eftir að hafa bænasamkomur til þessara fjörtán guða, fjórða hvern dag vikunnar að miðnætti, eða um ellestu stund, þá fara þeir ekki að sækja um leyfi til þess til Róm eða Cantaraborg eða Genf. Ekki heldur fara þeir að koma saman í biksvörtum neðanjarðar grafhvolfum. Þeim kemur ekki til hugar að halda þá fundi úti í regni og óveðri á krossgötum. Þeir ráða sér sal, þar sem þeim sýnist, hittast þar hvenær sem þeim sýnist og tilbiðja þar guðina eins og þeim sýnist.

Eða svo maður taki dæmi úr lífi einstaklinganna undir þjóðstjórn. Ef að ungan mann, er heima á í Seattle, langar til að lesa læknisfræði í marmarahöll rétt við Back Bay \* í Boston þá fer hann til einhvers járnbrautarfélagsins og ræðst hjá þeim sem vikasveinn á einhverri vörufutningslest, er fer austur. Loks kemst hann til Boston og hann gengur til hallarinnar og hann sezt við og les. Enginn veit um að hann er þangað kominn nema kennarinn, sem hann les með. Og þegar hann hefir lesið og lært eins lengi og efni hans leyfa, þá fer hann.

En setjum nú svo, að frændi þessa pilts í Svartskógi eða Weissenichtswi langi til að ganga í skóla í Berlín eða Halle. Setjum svo, að hann leggi af stað fótgangandi þangað. Svo vistrar hann sér herbergi, er þangað kemur, og semur um einhverja næringu til næstu mánaðaloka. Hann hefir ekki verið þar sólarhringinn út, þegar hann er heimsóttur af einhverjum þjóni þess opinbera, og beðinn að gera grein fyrir sjálfum sér, hver hann sé, hví hann sé þangað kominn, hvað lengi hann dvelji þar og hverjir standi straum af honum, ef hann verði veikur. Hann verður að sýna endalausa „passa“ og sverja endalausa svardaga. Og svo skyldi verða stúdenta uppþot næstu viku á eftir, eða eitthvað það koma fyrir, er ollað kæti ónáð þeirra, sein nefndir eru „valdsmenn staðarins“, þá myndi einhver þjóna þess opinbera heimsækja hann á ný og segja honum að hann yrði að fara burt úr borginni.

\* Nýi læknaskóli Harvard-háskólans er skrautleg marmarabygging rétt við Back Bay í Boston.

Annar þessara pilta lífir undir Þjóðstjórn, þar sem fólkisjórnar sér sjálfst, en hinn lífir undir nokkurskonar Lénsstjórn, þar sem hann verður að hlýða þeim skipunum, er Einhver býður honum, er fengið hefir sínar skipanir frá Einhverjum Öðrum, sem hlotið hefir skipan frá heilum hópi Einhverra, er tekið hafa vald sitt frá þeim, sem það hefir hlotið, frá Yfir-drottni, er „ríkir fyrir guðs náð“.

Þjóðstjórn er ekki eingöngu það fyrirkomulag, þar sem Almenningur ræður sína eigin fulltrúa. Það er það stjórnarsjálfst, þar sem fólkisjórnar sér sjálfst.



### Kafli úr bréfi frá Sig. Júl. Jóhannessyni:

...Jæja, mikil er það og merkilegt, sem á hefir gengið hjá ykkur síðan við síumst seinast og ekki er svo að sjá semi friðarandinn hafi breitt óslitna bláju yfir Winnipegbaðtótt Sigurður Július færir þaðan. Eg heyri stundum hingað suður óminn af vopnaviðskiftum ykkar á stríðsvellinum norðurfrá og þykir gaman að. Eg hlakka altaf til að fú blöðin, þó nér finnist þeim öllum vera ábótavant. Kringla er eins og mislynd kerling, sem stundum talar af heilbrigðri skynsemi og alvöru, en stundum snýst beint á móti öllu réttu og góðu. Hún hefir á síðari tið flutt ritstjórnargreinar svo ólikar og bjáleitar að furðu gegnir. Stundum heldur hún uppi vörnum fyrir óheftri hugsun, heilbrigðri rannsókn, ljósi og menningu; stundum aftur á móti ber hún vopn að öllu því, sem ekki segir já og amen við öllu gömlu og rotnu. Stundum flytur hún glymjandi hvatir til síðferðis og bindindis, en í næsta skifti melir hún með drykkjkukrám og spilavítum. Hún er hvorki fugl né fiskur, hvorki heit né köld, hvorki heil né hálf. En samt er hún frá minu sjónarmiði eins og rós á móti þyrni í samanburði við Lögberg. Tiundargreinarnar, Missiónargreinarnar og „Það lekur úr honum afa“ fótlu mér allar ágætar.—Þá er Heimir, mér líkar vel stefna hans og meðferð flestra mála, mér þykir hann að eins heldur klúr, satt að segja, og ekki alveg nógur fjörugur. Eitt allra þepta kvaði sem ég minnist að hafa séð er kvaði Stephánus G. í Heimi um hyltingamanninn (Jesús). Dessa konar bíblíuljóð grafast djúpt inn í hugsanir margra. Baldur þykir mér ágætt blað síðan Einar tók við. Það er að segja að hann væri skrifandaður fyrir fólk með heilbrigðu viti, en nú er að gera við sem er, að allur fjöldinn er blindir skynskiftingar og þess vegna er ekki til neins að skrifa eins skynsamlegar ritgerðir og Baldur flytur, nema hafa eitt hvað með til þess að ginna menn til lesturs. Baldur er of daufur, of fjörlitill en að öðru leyti góður.....